



## Reglur Vestmannaeyjabæjar um heimgreiðslur

### 1. gr.

Vestmannaeyjabær samþykkir að greiða sérstakar heimgreiðslur til forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla frá 12-16 mánaða aldri hvort sem forráðamenn þiggja boð um leikskólagöngu fyrir barnið eða ekki á því aldursbili. Heimgreiðslur eru greiddar frá þeim degi sem barn nær 12 mánaða aldri og þær falla niður þann dag sem barn nær 16 mánaða aldri eða hefur leikskólagöngu. Skilyrði er að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi.

### 2. gr.

Vestmannaeyjabær samþykkir jafnframt að greiða sérstakar heimgreiðslur til forráðamanna barna eftir 16 mánaða aldur ef ekki er laust leikskólapláss fyrir barnið í sveitarfélaginu. Sækja þarf sérstaklega um þessar greiðslur og hafi foreldrar fengið greiddar heimgreiðslur skv. 1. grein þarf að endurnýja umsókn. Skilyrði er að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi óháð leikskóla og falla greiðslurnar niður þegar barn fær boð um leikskólagöngu.

### 3. gr.

Heimgreiðslur eru kr. 110.000 á mánuði fyrir hvert barn og fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári.

### 4. gr.

Barn og forráðamenn þess skulu hafa lögheimili og búsetu í Vestmannaeyjum. Við flutning á lögheimili úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

### 5. gr.

Sækja skal um heimgreiðslur í íbúagátt eða á umsóknareyðublaði í þjónustuveri fjölskyldu- og fræðslusviðs.

### 6. gr.

Heimgreiðslur eru greiddar eftir á frá næstu mánaðamótum eftir að barn hefur náð tilskyldum aldri. Umsókn um heimgreiðslur þarf að berast fyrir 25. dag mánaðar fyrir komandi mánaðamót. Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.

### 7. gr.

Forráðamenn sem skulda eldri gjöld hjá Vestmannaeyjabæ fá ekki greiddar út samþykktar heimgreiðslur fyrr en skuldin er að fullu greidd.

### 8. gr.

Verði um ofgreiðslur á heimgreiðslum að ræða áskilur Vestmannaeyjabær sér rétt til að krefjast endurgreiðslu.

### 9. gr.

Reglur þessar eru endurskoðaðar í maí á hverju ári og oftast ef ástæða þykir.